

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2016, þriðjudaginn 3. maí var haldinn 124. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Árbæjarsafni og hófst hann kl.16:18. Viðstödd voru: Björn Sigurður Gunnarsson varamaður, Hildur Hrönn Oddsdóttir, Björn Gíslason, Þráinn Árni Baldvinsson og Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi. Einnig voru viðstödd: Ólafur Ragnarsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Árbæjar og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Fundarritari var Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri ÞAG.

Þetta gerðist:

1. Rætt um Betri hverfi 2016, hugmyndasöfnun og breytt form til að ná til íbúa hverfisins.
2. Endurúthlutun úr forvarnarsjóði Reykjavíkur. Íbúasamtök Árbæjar hefur ákveðið að skila styrk að fjárhæð 65.000. Samþykkt hefur verið að ráðstafa styrknum til Hjólakrafts í Norðlingaskóla að fjárhæð 26.000.- og Litla íþróttaskólans að fjárhæð 39.000.-
3. Kynning á sögu og starfsemi Árbæjarsafns. Guðbrandur Benediktsson safnstjóri borgarsögusafns tekur sæti á fundinum undir þessum lið og kynnir fyrir hverfisráði sögu Árbæjarsafns í tengslum við Elliðaárdal og framtíð safnsins í tengslum við hverfin í kring.
- Kl: 17:32 víkur Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir af fundi.
4. Rætt um hreinsunarviku í Reykjavíkurborg og í Evrópu 2.-7. maí 2016. Hverfisráðið hvetur til hreinsunar í Árbænum.

Fundi slitið kl. 17.41.

Þráinn Árni Baldvinsson
Hildur Hrönn Oddsdóttir

Björn Gíslason

Björn Sigurður Gunnarsson